

Nesfiskur ehf.
Kt.: 410786-1179
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 20.07.2023
Tilv. 2022-11-04-2351

Efni: Svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni. Vigtarbrot. Framhjalöndun. Baldvin Njálsson GK-400 (2992).

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar ætlað brot skipstjóra fiskiskipsins Baldvin Njálsson GK-400, skipaskrárnúmer 2992, þann 27. október 2022 gegn reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafila nr. 745/2016 og lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Lögskráður skipstjóri í þeirri veiðiferð er mál þetta varðar var X, kt. [...].

I. Málsvik

Í skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu frá 4. nóvember 2022 kemur fram að fimmtudags morgun 27. október 2022, voru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu staddir á Hafnarfjarðarhöfn við úttekt vinnsluskipa. Þeir hafi veitt því athygli að skipverjar á fiskiskipinu Baldvin Njálsson GK-400 (2992) hafi verið að undirbúa löndun, en skipið hafði nýlokið við að leggjast að bryggju, og hafi eftirlitsmenn ákveðið að fylgjast með lönduninni. Voru þrjú álkassar (bretti með álgrind) hífðir upp úr skipinu og lagðir beint á hafnarbakkann þar sem skipverjar affermdu kassana. Í þeim voru hvítir kassar merktir Nesfiski ehf. með frystum fiskafurðum (ýsuflök) úr skipinu. Voru kassarnir hífðar í land og færðu skipverjar þá beint í einkabifreiðar sem þar voru lagðar á hafnarbakkanum. Voru kassarnir færðir í bifreiðarnar án þess að vera vigtaðir á hafnarvog í löndunarhöfn eins og reglur kveða á um. Til stuðnings vitnisburðar veiðieftirlitsmanna Fiskistofu liggur fyrir í málinu myndbandsupptaka úr rafrænu vöktunarkerfi löndunarhafnar sem stofnunin fékk afhent á grundvelli 3. másl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/1996, auk ljósmynda sem sýna ætluð brot áhafnar skipsins. Samtals voru allt að hundrað og fjórir (104) kassar með frosnum fiskafurðum (flökum) hífðir á hafnarbakkann úr skipinu og þeir fluttir á brott í einkabifreiðum án þess að vera vigtaðir á hafnarvog og skráðir. Í hverjum kassa voru tvær öskjur af frystum flökum og nam heildar þyngd hvers kassa um 18 kg. Samkvæmt því nam meint framhjalöndun allt að 1.872 kg af ýsuflökum. Nýting samkvæmt skýrslu skipstjóra í veiðiferðinni var 41%. Þungi slægðrar ýsu í afurðina samkvæmt nýtingu var því allt að 4.565,854 kg. sem dróst ekki af aflamarki skipsins að lokinni umræddri veiðiferð. Af þeim sökum er skipstjóri umrædds fiskiskips grunaður um að hafa gerst brotlegur gegn 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

II. Athugasemdir málsaðila

Vísað er til erindis Fiskistofu, dags. 16. maí 2023 (tilv. 2022-11-04-2351), vegna meintra brota skipstjóra fiskiskipsins Baldvin Njálsson GK-400 (2992). Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þann 22. maí 2023 óskaði málsaðili eftir að fá afhenta þá myndbandsupptöku sem liggur fyrir í málinu. Þann 6. júní 2023 var myndbandsupptaka afhent málsaðila á grundvelli 15. gr. stjórnsýslulaga og frestur hans til að

leggja fram athugasemdir framlengdur um tvær vikur. Í millitíðinni, þann 16. júní sl., óskaði forsvarsaður málsaðila eftir fundi með Fiskistofu vegna málsins. Fiskistofa féllst á það og bauð honum til fundar með lögræðingi og deildarstjóra sjóeftirlits stofnunarinnar þann 27. júní sl. Fundurinn var óformlegur og í upphafi hans var málsaðili áminntur um að stjórnsýslan sé skrifleg og að öll sjónarmið sem hann vildi koma á framfæri þyrfti hann að gera skriflega að loknum fundi. Á fundinum var farið yfir málsatvik með málsaðila með almennum hætti. Þá var málsaðila afhend öll gögn málsins þann 28. júní. Þann 5. júlí sl. bárust svo Fiskistofu skriflegar athugasemdir hans. Í þeim vildi málsaðili koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri og fylgja eftir þeim munnlegu athugasemdum sem farið var yfir á téðum fundi þann 27. júní sl.

Að sögn málsaðila varðar málið svokallað „grams“. Áratuga löng venja sé fyrir því hjá sjómönnum, sérstaklega hjá þeim sem starfa á frystitogurum, að hver skipverji taki með sér ákveðin skammt af flökum með sér í land eftir veiðiferðina. Sjómenn kalla þetta „grams“ og hefðin hjá málsaðila hefur verið sú að skipverjar taki einn kassa eftir veiðiferð með þremur öskjum. Þegar umrætt skip, Baldvin Njálsson GK-400 (2992), kom nýtt til landsins varð samhliða breyting á stærð kassa hjá útgerðinni þannig að einungis tvær öskjur eru í hverjum kassa í stað þriggja. Þessi breyting hefur að öllum líkindum leitt til þess að einhverjir skipverjar útgerðarinnar hafa verið að taka með sér allt að tvo kassa af flökum eftir veiðiferðir, en það er þó misjafnt. Ljóst væri að misbrestur hefi orðið á fyrri framkvæmd eftir að nýtt kassakerfi var tekið í notkun. Málsaðili vísaði til þess að Fiskistofa þyrfti að líta til þess að um áratuga langa venju sé að ræða er felur í sér að skipverjar taki með sér heim „grams“ að lokinni veiðiferð. Eftir að málsaðila var tilkynnt um málið hafi hann brugðist við með viðeigandi aðgerðum, sumum er lokið og aðrar séu í ferli. Þá sagði málsaðili að útgerðin hafi brýnt fyrir skipstjórum að „grams“ skuli vera skráð eins og áður hefur verið gert og farið yrði yfir með öllum áhöfnum að einungis sé heimilt að taka með sér einn kassa af „grams“ að lokinni veiðiferð. Þá vísaði málsaðili til þess að enginn ávinningur hafi falist í meintum brotum fyrir útgerðina. Að mati málsaðila er ekki um stórfellt brot að ræða. Þá er að mati málsaðila hvorki um gáleysis- né ásetningsbrot að ræða og síður en svo ítrekað brot. Taldi málsaðili að Fiskistofu sé heimilt að fella málið niður að öllu leyti enda félagið farið yfir verkferla er varðar þá áratugalöngu venju sem „grams“ er. Telji Fiskistofa slíkt ekki nægjanlegt vísaði málsaðili meðalhófsreglunnar, þ.e. að Fiskistofa skuli ekki taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði sem að er stefnt verður náð með öðru og vægara móti og gæta skuli þess að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Með hliðsjón af því taldi málsaðili hæfilega refsingu að aflaskráning í veiðiferðinni verði leiðrétt.

Þekkt er að áratugalöng hefð sé fyrir því að útgerðir heimili sjómönnum að taka með sér „grams“ heim að lokinni veiðiferð. Það „grams“ (afl) sem sjómenn fá að taka með sér lýtur sömu reglum um vigtun og skráningu eins og annar sjávarafli. „Grams“ er í einhverjum tilvikum orðið órjúfanlegur hluti þeirra fríðinda eða réttinda sem útgerðir veita áhafnarmedlimum sínum. Það breytir ekki þeirri staðreynd að sé aflí ekki færður til vigtunar á hafnarvog er um brot á lögum að ræða. Fiskistofa getur ekki litið framhjá þeim reglum er gilda um vigtun og skráningu sjávaraflla með vísan til þess að um hefð sé að ræða, og tekur því málið til tilhlýðilegrar meðferðar.

III. Rannsókn Fiskistofu

Rannsókn Fiskistofu í málinu var umfangsmikil. Við rannsókn málsins var óskað eftir aðgangi að rafrænu vöktunarkerfi umræddrar löndunarhafnar og afriti af þeim upplýsingum sem þar var að finna. Þá var umrædd myndbandsupptaka er Fiskistofa fékk afhenta frá löndunarhöfn yfirfarin gaumgæfilega og það margsinis af starfsmönnum Fiskistofu. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var sú að kassarnir voru nákvæmlega 104 talsins eins og kom fram í erindi

Fiskistofu þann 16. maí sl. og tekur ákvörðun Fiskistofu mið af þeirri talningu. Þá afhenti málsaðili gögn er Fiskistofa óskaði eftir við rannsókn málsins, s.s. löndunartilkygning skipsins í umræddri veiðiferð og yfirlitsblöð veiðiferðarinnar eftir tegundum (gagnasafn), sem borin voru saman við vigtarnótur. Þá óskaði Fiskistofa gagna frá löndunarþjónustuaðila og fékk þau afhent 16. mars 2023, þ.á.m. löndunarskýrslu og gögn frá úrtaksvigtun sem fram fór á höfninni ásamt handskrifuðum frumgögnum að baki vigtunar á hafnarvog. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu fóru um borð í skipið í lok mars mánaðar 2023 og ræddu við skipstjóra sem þeir hittu þar fyrir um borð í skipinu. Skipstjórinn staðfesti að „grams“ væri hvorki skráð í gagnasafn skipsins né sé það vigtað á hafnarvog. Þá barst umrædd breyting á kassakerfi til tals eins og kom fram í skriflegum athugasemdum málsaðila. Hafi einhverjir skipverjar verið að taka tvo kassa í stað eins (fjórar öskjur í stað tveggja), þar sem áður hafi verið miðað við þrjár öskjur á mann. Þá tjáði hann eftirlitsmönnum að jafnvel þeir skipverjar sem hafi verið í veikindaleyfi í einstaka veiðiferðum hafi fengið „grams“ að lokinni veiðiferð. Þá veitti veiðieftirlitsmaður Fiskistofu því athygli, að í kjölfar umræddrar veiðiferðar skipsins er mál þetta varðar, að eiginkona eins skipverja um borð í umrætt sinn auglýsti til sölu fisk á facebook. Þar kvaðst umrædd kona vera með öskjur af ýsu til sölu, roð- og beinlausa, og var askjan til sölu á 8.000 kr.

IV. Lagagrundvöllur

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 segir að allur afli skuli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans og skal við vigtunina nota löggilta vog. Í 1. mgr. 9. gr. sömu laga segir að skipstjóra sé skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum og honum skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Jafnframt ber skipstjóra að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns. Þá segir í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016, sem sett er með stöðum í framangreindum lögum, að allur afli skuli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans og skal vigtun afla vera lokið innan tveggja klukkustunda frá því að löndun lauk. Brot á reglugerð 745/2016 og lögum nr. 57/1996 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 og reglum settum samkvæmt þeim jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sömu laga. Brot á reglugerð nr. 745/2016 og lögum nr. 57/1996 telst fullframið hvort sem það er með refsínæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabyrgð einstaklinga og lögaðila gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, að nánari skilyrðum uppfylltum.

V. Niðurstaða og rökstuðningur

Eins og að framan greinir liggur fyrir rökstuddur grunur um að skipstjóri fiskiskipsins Baldvin Njálsson GK-400 (2992) hafi brotið gegn 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 í Hafnarfjarðarhöfn þann 27. október 2022, með því að hafa látið það undir höfuð liggja að tryggja að allur afli skipsins í umræddri veiðiferð, hafi verið veginn á hafnarvog og hann skráður eins lög og stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um, heldur þess í stað hafi 104 kassar af afla, þ.e. samtals 4.565,854 kg. af óslægðri ýsu, með hliðsjón af nýtingu skipsins (41%) í umræddri veiðiferð, verið landað framhjá vigt. Með því hafi skipstjóri samhliða ekki tryggt að réttar og fullnægjandi upplýsingar bárust vigtarmanni í umrætt sinn. Hefur verið gerð grein fyrir athugasemdum málsaðila hér að ofan og þeim svarað. Eru þær ekki þess eðlis að það leiði til þess að málið sé fellt niður. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1996 er skylt að vigta allan afla á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 er skipstjóra skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega og ber jafnframt að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns. Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016 segir að allur afli skuli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við

löndun aflans og skal vigtun afla vera lokið innan tveggja klukkustunda frá því að löndun lauk. Þá liggur fyrir skýr ábyrgð skipstjóra í þessum efnum að á hans herðum hvílir sú ábyrgð að tryggja að afli skipsins sé veginn samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 745/2016 og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 6. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996 teljast fullframin hvort sem það er fyrir ásetning eða gáleysi sbr. 23. gr. sömu laga. Málsbætur og skýringar málsaðila, um að áratuga löng venja eða hefð sé fyrir því hjá sjómönnum að þeir taki með sér heim svokallað „grams“ eftir hverja veiðiferð, leiða ekki til þess að farið sé á svig við grundvallarreglu laga nr. 57/1996 um að allan afla skuli vigta á hafnarvog í löndunarhöfn. Fiskistofa er ekki með máli þessu að leggja til að bann sé lagt við að haldið sé í þá áratugalöngu hefð er málsaðili vísar til, eða að með því verði hagsmunir skipverja fyrir borð bornir með einhverjum hætti. Fá skipverjar „grams“ að lokinni veiðiferð þá þarf sá afli að vera vigtaður og skráður og hann skal dragast frá aflamarki skips í viðkomandi veiðiferð, líkt og gildir um allan afla sem fiskiskip landar. Sú heimild er fram kemur í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006, um frístundaveiðar til eigin neyslu, verður ekki talin eiga við í tilviki áhafnar meðlima um borð í skipi málsaðila, eða öðrum skipum, sem stunda veiðar í atvinnuskyni.

Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu voru viðstaddir og fylgdust með löndun skipsins í umrætt sinn. Urðu þeir vitni að því þegar óvigtaður afli (104 kassar) fór beinustu leið af hafnarbakkanum í einkabifreiðar er voru þar saman komnar á hafnarbakkanum. Ljóst er að aflinn fór ekki í vigtun og var ekki hluti talningar hjá löndunarþjónustuaðila í umrætt sinn. Skoðun á þeirri myndbandsupptöku er liggur fyrir í málinu staðfestir frásögn og skýrslu eftirlitsmanna Fiskistofu hvað hina saknæmu háttsemi varðar. Skipstjóri í umrætt sinn lét hvorki sjálfur vega aflann né fól öðrum að sjá svo til um að það væri gert. Með háttsemi sinni braut hann gegn þeirri fortakslausu skyldu sem tilvitnuð ákvæði mæla fyrir um og vísað hefur verið til. Þvert á móti var hann meðvitaður um að umræddir kassar voru ekki vigtaðir og þar með ekki dregnir af aflamarki skipsins, enda voru þeir hífðir beint á hafnarbakkann þaðan sem þeir voru færðir beinustu leið í einkabifreiðar áhafnar meðlima eða annarra sem þar voru komnir. Þá hefur komið í ljós við samanburð á gögnum málsins, vigtarnótu og gögnum frá löndunarþjónustuaðila annars vegar og löndunartilkyningu skipsins hins vegar, að umrætt „grams“ var ekki tilgreint í aflatölum skipsins, enda var ekki slíkan mismun að finna þar á milli. Það skýrist af þeirri staðreynd að „gramsíð“ fór ekki á hafnarvog, eins og eftirlitsmenn báru vitni um og sést greinilega á þeirri myndbandsupptöku er liggur fyrir í málinu. Þá er málsatvikum ekki andmælt í athugasemdum málsaðila, að umræddir kassar voru ekki hluti af talningu löndunarstjóra og að sá afli hafi ekki verið dreginn af aflamarki skipsins.

Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, rannsóknar Fiskistofu og gagna málsins, athugasemda málsaðila og alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að skipstjóri fiskiskipsins Baldvin Njálsson GK-400 (2992), hafi brotið gegn 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, með því að hafa ekki tryggt að allur afli fiskiskipsins í umræddri veiðiferð, hafi verið veginn á löggilttri hafnarvog þegar við löndun aflans og hann skráður, og hafi skipstjóri með því ekki tryggt að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann bárust löggiltum vigtarmanni. Umræddar reglur leggja þær fortakslausu skyldur á skipstjóra að gæta þess að allur fiskur sem kemur í veiðarfæri fiskiskips skili sér í land og sé veginn á hafnarvog innan tilskilins tíma og að hann skráist þar með af aflamarki skipsins.

Háttsemi skipstjóra fiskiskipsins Baldvin Njálsson GK-400 (2992) braut gegn 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 745/2016 sbr. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Í 3. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Málsaðili er með stærri útgerðum landsins, hefur samkvæmt upplýsingum á heimasíðu sinni ellefu fiskiskip í útgerð sinni; togara, frystitogara, dragnótábáta og línubáta, og hefur yfir að ráða umtalsverðum úthlutuðum aflaheimildum. Málsaðila, líkt og öllum þeim er stunda fiskveiðar í atvinnuskyni, ber að draga allan afla, sem skip hans landa, af aflamarki þeirra að lokinni veiðiferð. Baldvin Njálsson GK-400 (2992) er 1199.8 brúttó tonna frystitogari búinn afkastamiklum veiðarfærum (botnvarpa) og hefur verið í útgerð málsaðila síðan það eignaðist skipið í nóvember 2021. Skipið er á veiðum allan ársins hring og fór í tólf veiðiferðir á árinu 2022 og landaði samtals 8.044.156 kg. af óslægðum afla, eða að meðaltali 670.346 kg. í hverri ferð. Í þeirri veiðiferð er mál þetta varðar landaði það samtals 620.171 kg. og eins og fram hefur komið var 4.565,854 kg. af óslægðri ýsu landað framhjá vigt sem „grams“ fyrir áhafnarmedlimi sem eru allt að 26 talsins. Af því leiðir að raunmagn umræddrar veiðiferðar er samanlögð tala uppgefins afla og þess „grams“ sem liggur fyrir í málinu, eða samtals 624.736,854 kg. af óslægðum afla. Þrátt fyrir að téð „grams“ hafi af framangreindu aðeins numið 0,73% af heildarafla í veiðiferð skipsins þá er um mikið magn að ræða og brotin því að mati Fiskistofu alvarleg, með hliðsjón af magni.

Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér fjárhagslegan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þar sem sá afli sem landað var framhjá vigt dróst ekki af aflamarki skipsins og veitt áhafnarmedlimum í formi hlunninda. Líta verður til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem kemur í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Ákvæði 6. og 9. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæði reglugerðar nr. 745/2016 um vigtun og skráningu sjávarafla, eru skýr og fortakslaus hvað varðar skyldu og ábyrgð skipstjóra á því að afli skips sé veginn samkvæmt ákvæðunum. Sú áhersla sem löggjafinn leggur á þetta kemur fram í texta ákvæðanna og lögskýringagögnum. Þar eru m.a. nefndir þeir ríku almannahagsmunir sem eru fólgnir í því að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um hvað tekið sé úr auðlindum sjávar við landið, svo vísindamenn geti áætlað stofnstærð og tryggt hámarksafrakstur nytjastofna við landið. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskistofna, og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið. Lögskýringagögn gefa til kynna að löggjafinn álíti brot gegn ákvæðum þessum alvarlegum augum enda sé með skýrum hætti kveðið á um skyldur og ábyrgð þeirra aðila í lögunum, sem að vigtun sjávarafla koma.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi skipstjóra umrætt skipti og til þeirrar staðreyndar að málsaðili ber ábyrgð á því að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði laga nr. 57/1996. Málsaðili er útgerð sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa menn sem hafa sjómennsku að atvinnu.

Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar og vigtun og skráningu afla sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Í málinu liggur fyrir að skipstjóri Baldvins Njálssonar GK-400 (2992) hafi látið það undir höfuð liggja að tryggja að allur afli skipsins væri vigtaður og skráður og með því hafi hann á sama tíma ekki tryggt að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann bærust til vigtarmanns, við löndun skipsins 27. október 2022. Var verknaður skipstjóra framin í samverknaði með áhöfn skipsins í umrætt sinn í samræmi við upplýsta venju eða hefð. Þeir 104 kassar, sem landað var framhjá vigt, voru hífðir fyrst upp úr skipinu, og þeir aðgreindir skilmerkilega frá öðrum afla skipsins, merktir nöfnum einstakra áhafnarmedlima. Brotin voru að mati Fiskistofu fyrirfram skipulögð og framin af beinum ásetningi. Með hliðsjón af framangreindu og þeirri staðreynd að um mikið magn afla var að ræða sem landað var framhjá hafnarvog, eru brotin að mati Fiskistofu meiriháttar og aðstæður við undirbúnings athafnir og háttsemi áhafnar á verknaðarstundu með þeim hætti að þær auka mjög á saknæmi brotsins. Þá vakti athygli eftirlitsmanna, að þrátt fyrir að skipverjar hafi í umrætt sinn orðið varir við nærveru þeirra héldu skipverjar áfram eins og ekkert hefði í skorist að færa kassana beint í einkabifreiðar framhjá hafnarvog fyrir augum eftirlitsmanna. Með hliðsjón af framangreindu hafnar Fiskistofa rökum málsaðila um að skilyrði saknæmis hafi skort, þ.e. að brotið hafi hvorki verið framið af ásetningi né gáleysi.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Að mati Fiskistofu, með hliðsjón af því sem að framan er rakið, er um ásetningsbrot skipstjóra og áhafnarmedlima að ræða og brotið því alvarlegt og umfangsmikið þó svo um einstakt brot sé að ræða. Málsatvikum hefur ekki verið mótmælt af málsaðila og hann gengist við broti skipstjóra umræddan dag í athugasemdum sínum frá 5. júlí 2023. Jafnframt þá fullyrðir málsaðili að hann hafi í kjölfar málsins brugðist við með viðeigandi aðgerðum, og brýnt fyrir skipstjórum sínum að „grams“ skuli vera skráð eins og áður hefur verið gert og farið yfir með öllum áhöfnum að einungis sé heimilt að taka með sér einn kassa sem skráður verður framvegis af aflamarki skipsins. Málsaðila til málsbóta, lítur Fiskistofa einnig til þess að aflinn („gramsíð“), sem landað var framhjá hafnarvog, var ekki nýttur í auðgunarskyni fyrir hann til áframhaldandi vinnslu eða sölu, sem hefði aukið alvarleika brotsins. Þá verður jafnframt hegðun og samstarfsvilji málsaðila, eftir að upp komst um brotið og í kjölfar þess, metin honum í hag við ákvörðun viðurlaga samkvæmt ákvörðunarorði, sem að öðrum kosti hefði að mati Fiskistofu orðið þrjár vikur í sviptingu veiðileyfis. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu. Af þeim sökum og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttarins, þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Baldvin Njálsson GK-400, skipaskrárnúmer 2992, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með 21. ágúst 2023 og til og með 3. september 2023, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna brota gegn 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 1. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996. Samhliða er aflaskráning fiskiskipsins Baldvins Njálssonar GK-400 (2992) leiðrétt og samtals 4.565,854 kg. af ýsu dregin af aflamarki skipsins.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

